

21.2.2019

Skýrsla Straumkayaknefndar árið 2018

Meðlimir sem skipa straumkayaknefnd Kayakklúbbsins eru Andrea Geirsdóttir, Erlingur Geirsson, Johan Holst, Marteinn Möller, Tinna Sigurðardóttir.

Gabriel Côté-Valiquette þurfti að segja sig úr nefndinni á árinu vegna annríkis og í hans stað kom Johan Holst.

Fundir voru samtals 5 á árinu en tölvusamskipti voru jafnframt nýtt vel til umræðu og ákvörðunartöku.

Störf á árinu

Lagt var áherslu á að bjóða upp á ýmsar róðraferðir fyrir áhugasama á vegum Kayakklúbbsins á þessu starfsári. Markmiðið með þessum ferðum var fyrst og fremst til skemmtunar, að þetta samfélag straumvatnsins og hjálpa byrjendum að taka sín fyrstu skref. Einnig hefur áhersla verið lögð á að skapa vettvang fyrir straumkayak ræðara svo fleiri sjá ástæðu til þess að ganga til liðs við klúbbinn.

Nefndin vann töluvert við að skoða fyrirhugaða virkjun í Tungufljóti, sem er ein vinsælasta áin fyrir iðkendur straumkayaks. Nefndin barðist fyrir hagsmunum straumvatnsræðara og kom sínum sjónarmiðum á framfæri. Stofnaður var undirskriftarlisti í mótmælendaskyni og fengust rúmlega 200 undirskriftir. Nefndin vann náið með formanni KK sem og öðrum félagsmönnum í þessu máli. Gerði KK og framkvæmdar- og rekstraraðilar Brúarvirkjunar í Bláskógarbyggð (BV) með sér munnlegan samning um samvinnu og samskipti varðandi fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í Tungufljóti í Bláskógarbyggð með tilheyrandi röskun og takmörkunum á ástundun félagsmanna KK á íþrótt sinni í ánni. Nánari upplýsingar má finna í viðauka.

Nokkrir meðlimir í nefndinni komu einnig að Midnight River Festival sem haldin var 29.-30. júní 2018 fyrir norðan hjá fyrirtækinu Viking Rafting. En hátíðarskipuleggjendur vonast eftir aukinni þáttöku klúbbsins á þeim vettvangi.

21.2.2019

Ferðir á árinu

Hvítá

- 19. maí 2018
- Dagsferð
- Fjöldi:
12 + 5 starfsmenn Arctic Rafting
- Facebook viðburður: 18 skráðir og 65 áhugasamir



Ytri-Rangá og Eystri-Rangá

- 13. – 14. júlí 2018
- Ætlunin var að hafa útilegu á Rjúpnavöllum en sökum veðurs var leigður skáli þar á kostnað þátttakenda
- Fjöldi: 13
- Facebook viðburður: 6 skráðir og 23 áhugasamir



Laxá í Mývatnssveit og Austari-Jökulsá

- 1. – 2. september 2018
- Gist tvær nætur
- Fjöldi í ferð: 14
- Facebook viðburður: 10 skráðir og 12 áhugasamir



21.2.2019

Viðauki: Virkjun í Tungufljóti

Kayakklúbburinn (KK) og framkvæmdar- og rekstraraðilar Brúarvirkjunar í Bláskógarbyggð (BV) gerðu með sér munnlegan samning um samvinnu og samskipti aðilanna varðandi fyrirhugaða virkjun BV í Tungufljóti í Bláskógarbyggð með tilheyrandi röskun og takmörkunum á ástundun félagsmanna KK á íþrótt sinni í ánni, sem er ein sú vinsælasta á landinu.

KK kærði veitingu fyrra framkvæmdaleyfis á þeim forsendum að við umfjöllum og leyfisveitingu var ekki tekið tillit til ástundun félaga KK á íþrótt sinni í þeim hluta Tungufljóts sem verður fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Aðilar á vegum KK og aðilar á vegum BV hittust á fundi þann 16. febrúar 2018 til að ræða kæruna. Aðilar fundarins voru sammála um að finna lausn sem að kæmi til móts við KK án þess að hindra fyrirhugaðar framkvæmdir BV. Rætt var að tryggja félagsmönnum KK aðgengi að Tungufljóti við útfall virkunarinnar. BV mun hafa útfalli virkunarinnar þ.a. félagsmenn KK geti nýtt sér það til æfinga. KK mun aðstoða BV við hönnun á útfalli virkunarinnar þ.a. það nýtist félagsmönnum KK til æfinga. Félagsmenn KK hafði aðgang að upplýsingum um hvenær vatni er hleypt á þann hluta Tungufljóts þar sem rennsli er skert vegna virkunarinnar. Munu þá félagsmenn KK geta nýtt sér það flæði til róðurs í þeim hluta Tungufljóts sem flæði er annars skert. BV og KK stefni að því að halda klúbbdag einu sinni á ári þar sem að vatni er hleypt á þann hluta Tungufljóts sem flæði er annars skert. BV g KK vinni saman að því að bæta aðgengi að Tungufljóti við útfall virkunar.

KK kærði ekki framkvæmdaleyfi sem auglýst var 2. mars 2018 til að koma til móts við góðar undirtektir framkvæmdaaðila. Auk þess fjarlægði KK undirskriftarlista sem hafði verið settur upp til að mótmæla aðgerðunum. KK leggur sig fram við að raska ekki fyrirhuguðum framkvæmdum. KK mun ekki standa fyrir frekari mótmælum og mun beina þeim tilmælum til sinna félaga að gera slíkt hið sama, þetta á við um undirskriftarlista sem og önnur mótmæli. KK miðli til sinna félagsmanna upplýsingum um gott samstarf KK og BV og sameiginlegan vilja þeirra til að viðhalda góðum samskiptum sín á milli.